

NES FRÉTTIR

DESEMBER 2015 • 12. TBL. • 28. ÁRG.

AUGLÝSINGASÍMI
511 1188



**PANTAÐU Á
DOMINOS.IS**

DOMINO'S APP SÍMI 58 12345



Söngur, dans, tónlist og leiklist einkenndu 1. des hátíð 10. bekkinga Valhúsaskóla. Hefð hefur skapað fyrir því að nemendur setja upp leiksýningu í tengslum við 1. desember og varð söngleikurinn Grease fyrir valinu þetta árið. Sjá nánar á bls. 8.

SELTJARNARNESBÆR

www.seltjarnarnes.is

24
Hagkaup

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

**Slökkvitækja-
þjónustan**

564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leiðið tilboða!

græn heilsa
heilsuverslun

lifestream
hreinn lífræn næring

Ægisíða 121 f /grænheilsa

**Happa
merkimiði!**

Merktu pakkann með Jólahappaþrennu
eða gefðu hana sem aukagjöf!

HAPPA
BRENNAN
Skemmtilegt
að skafa!



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Þú getur tengst Netbankanum þínum
í gegnum farsímann.



Skannaðu kóðann
til að sækja „appið“
frítt í símann.



Þú færð nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is/farsiminn



**Hafðu bankann
með þér**


Íslandsbanki

NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð, Eiðistorgi 13-15, 170 Seltjarnarnes, Pósthólf 172. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þórður Ingimarsson

UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift fritt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Eldra fólkið í félagsheimilið

Ofit hefur verið rætt um staði á Seltjarnarnesi þar sem meiri mannaferða væri þörf. Höfnin á Suðurnesinu hefur stundum verið kölluð höfn án skipa og Eiðistorgið miðbæjarkjarni Seltjarnarness hefur á köflum hlotið þau ummæli að þar sé torg án fólks. Fleira fólk mætti vissulega leggja leið sína um torgið og njóta þjónustu og menningarlífs. En fleiri staði er að finna á Nesinu þar sem nýtingin mætti vera betri og mannaferðir fleiri. Eitt þeirra er félagsheimilið sem mætti nýta mikið betur.

Á sama tíma og Félagshemili Seltjarnarness er lítið notað á daginn. Áer félagsstarf heldri borgara á hrakhólum. Félagshemilinu er komið fyrir í sal eldri borgara sem þegar er of lítill til að sinna því hlutverki og smíðastofan er í kjallara Valhúsaskóla þar sem aðstöðu er um margt ábótavant. Jafn sjálfsgöðir hlutir og snyrting er upp á annari hæð skólans sem er slæmt þar sem margt eldra fólk á erfitt með að hreyfa sig. Ekki þurfa að koma til miklar lagfæringar á félagsheimilinu svo hýsa megi félagsstarfið með góðu móti – lagfæringar sem vinna mætti í áföngum og án þess að fórnar með öllu nothæfni þess til annarrar félagsstarfsemi.

Hjúkrunarheimilið?

Íjársáætlan Seltjarnarnesbæjar sem nú er til umfjöllunar í bæjarstjórn er gert ráð fyrir að hefja byggingu hjúkrunarheimilis á Seltjarnarnesi. Hugmyndir um hjúkrunarheimili eru ekki nýjar af nálinni. Þær hafa bærst með bæjaryfirvöldum og ýmsum Selirningum um árabíl. Spurning er hins vegar hvort ráðlegt er að gera ráð fyrir byggingu hjúkrunarheimilis á meðan það ástand ríkir í málefnum ríkis og sveitarfélaga sem nú er til staðar. Eiga sveitarfélög að fara af stað með dýrar framkvæmdir þótt þörf þeirra sé mikil á meðan engu er að að treysta af ríkisins hálfu. Dæmin um kostnað við flutning fötlunarþjónustunnar til sveitarfélaga og deilur um fjármuni til hjúkrunarheimila vítt og breytt um landið eru víti til að varast. Er ekki skynsamlegra fyrir Seltirninga að bíða um sinn fremur en að ráðast í verkefni sem alls óvíst er að mótaðilinn – í þessu tilfelli ríkið standi við sína hlið málsins.

Stórfelld lækkun leikskólagjalda á Seltjarnarnesi

... rúmar 16 milljónir í rekstrarafgang



Seltjarnarnesbær boðar stórfellda lækkun leikskólagjalda frá og með 1. janúar 2016 en þá lækka leikskólagjöld á Seltjarnarnesi um 25% og verða þar með þau lægstu á landinu. Þetta kemur fram í frumvarpi að fjárhagsáætlun Seltjarnarnesbæjar fyrir árið 2016 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2017 til 2019 sem nú er til umræðu í bæjarstjórn.

Í frétt frá bæjarfélaginu segir að lækkun leikskólagjalda um 25% frá 1. janúar sé ætlað að koma til móts við barnafjölskyldur í bæjarfélaginu. Tómsundastyrkir með hverju barni 6 til 18 ára verða 50 þúsund krónur og niðurgreiðslur til foreldra með börn hjá dagforeldrum, sem nú nema 75 þúsundum króna verða

einnig hækkaðar frá 1. janúar næst komandi. Álagning fasteignagjalda í A-flokki verður 0,20% af matsverði íbúðarhúsnæðis og lóðar og álagningarprósenta útsvars verður langt undir hámarki eða 13,70%, en hámarkið er 14,52%. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heildartekjur Seltjarnarnesbæjar verði 2,5 milljarðar og rekstrarafgangur verði rúmlega 16 milljónir. Skuldahlutfall er komið undir 50% og fer lækkandi á hverju ári. Helstu framkvæmdir á næsta ári samkvæmt frumvarpinu felast í byggingu 40 rýma hjúkrunarheimilis. Einnig stendur til að endurnýja gervigrasið á knattspyrnuvelli Íþróttafélagsins Gróttu ásamt því að sinna öðrum almennum viðhaldsframkvæmdum.



rafmagn@mi.is

Gerir við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar

Bíla- og bátarafmagn

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

HEITUR MATUR Í HÁDEGINU OG Á KVÖLDIN

TAKTU MEÐ
eða
BORÐAÐU Á STAÐNUM

Alvöru matur

Nesbíúinn



Maður getur verið stoltur stuðningsmaður Gróttu í dag!



FRAMÚRSKARANDI UM JÓLIN

Síðastliðin ár hefur Norðlenska skarað fram úr í bragðkönnunum. Ár eftir ár hafa neytendur sett traust sitt á Norðlenska þegar kemur að jólamatnum. Fyrir það erum við þakklát og ætlum að halda áfram að uppfylla kröfur um indæla jólasteik.

NORÐLENSKA

Minnihlutinn gerir athugasemdir við fjárhagsáætlun

- Tekjur vanáætlaðar um 200 milljónir á ári að meðaltali síðustu fimm ár


Faldar tekjur, skólaskjól, félagsstarf eldri borgara og félagslegar íbúðir eru á meðal þess sem fulltrúar minnihluta bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar nefna í athugasemdum við fjárhagsáætlun bæjarfélagsins sem nú liggur fyrir bæjarstjórn. Í bókun þeirra á bæjarstjórnarfundum kemur fram að samkvæmt áætluninni standi rekstur bæjarfélagsins í jörnum en á undanförunum árum hafi tekjur verið talsvert vanáætlaðar, sem leitt hafi til þess að rekstrarniðurstaða bæjarsjóðs hafi verið sem nemur meira en 200 milljónum á ári umfram áætlunir að meðaltali síðustu fimm ár. Af því megi ætla að í fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 sé til staðar svigrúm til þess að tryggja betur ýmsa brýna þjónustu og ráðast í verkefni sem setið hafa á hakanum.

Bæjarfulltrúar Neslista og Samfylkingar telja að nokkrir þættir þurfi sérstakrar skoðunar við á milli umræðna um fjárhagsáætlunina. Sá fyrsti er skólaskjólíð en börnum í skólaskjólínu hefur fjölgað umtalsvert á síðustu misserum og núverandi húsnæði því í raun sprungið. Því til viðbótar hefur lengi verið bent á nauðsyn þess að skólaskjólíð komist í hentugra

húsnæði sem hæfi starfinu sem þar fer fram og geri mögulegt að bæta þjónustuna. Annað er félagsstarf eldri borgara en mikill uppgangur sé í því starfi á Seltjarnarnesi. Á velheppnuðu íbúðaþing um málefni eldri bæjarbúa sem haldið var 28. mars síðastliðinn og stofnun Félags eldri borgara á Seltjarnarnesi í framhaldi af því.

Á íbúðaþinginu kom skýrt fram að eldri borgarar er fjölbreyttur hópur með margvísleg áhugamál sem þarf að taka tillit til. Eldri borgurum á Seltjarnarnesi fer fjölgandi sem nauðsynlegt er að bregðast við með fjölþættum stuðningi.

Mikilvægt er að styðja við áhuga og virkni þessa aldurshóps, m.a. með því að koma á fót félags- og/eða þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara, eins og minnihluti bæjarstjórnar hefur ítrekað bent á. Í þriðja lagi benda bæjarfulltrúar minnihluta flokkanna á biðlista eftir félagslegu húsnæði. Bent er á að bærinn hafi selt félagslegar íbúðir á árinu án þess að nýjar hafi verið keyptar í staðinn. Bæjarfulltrúarnir líta svo á að um algjört forgangsmál sé að ræða að keyptar verði íbúðir í stað þeirra sem seldar hafa verið auk einnar til viðbótar og að gætt sé að því að stærðir þeirra séu í samræmi við þarfir þeirra sem biða úrlausnar.



Vefur Seltjarnarnesbæjar skorar hæst

Vefur Seltjarnarnesbæjar skorar hæst sveitarfélagsvefja í nýrri úttekt innanríkisráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem rýnt var í stöðu á innihaldi, nytsemi, aðgengi og rafrænni þjónustu á vefnum.

Niðurstöðurnar voru kynntar undir yfirskriftinni Hvað er spunið í opinbera vefi? Seltjarnarnesbær hlaut 94 stig en næstu fjórir vefir þar á eftir hlutu 87 og 88 stig. Úttektin sem um ræðir er framkvæmd annað hvert ár og var nú gerð í sjötta sinn.

Tilgangur hennar er að greina stöðu opinberra vefja á landinu og að veita heildstæða yfirsýn yfir það hvernig opinberir vefir uppfylla fyrrgreind skilyrði og gera opinberum aðilum grein fyrir stöðu sinni í samanburði við aðra. Markmið er enn fremur að meta hvernig vefir hins opinbera standa og styðja við þróun rafrænnar þjónustu í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar. Í ár voru teknir út 255 vefir, þar af 71 sveitarfélagsvefir.

NES FRÉTTIR

**Auglýsingasími
511 1188**



KOMDU MEÐ BÍLINN Í FRÍA TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málingarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málingarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Stýðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun
Við skoðum bíllinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



Framrúðskipti
Skiptum um framrúður og önnur annars konar rúðskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerheinsun á bil.



Mössun / snyrting á lakk
Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkmössun og blettanir.



Dekkþjónusta
Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílnum á meðan hann er í viðgerð.



Rétting og máling
Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst trústu kröfur.



Bilþvottur / djúphreinsun
Bjóðum við upp á almennan bilþvott, djúphreinsun, bón off. Frír þvottur fylgir öllum viðgerðum.



Innréttingar / skilæði
Tökum að okkur viðgerðir á sætum, innréttingum ofl.



Smávíðgerðir
Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slífflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.



Dragháls 6-8 • 110 Reykjavík sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is • www.tjon.is

Gledileg jól



Jens



frá 6.300.-



Demantshringur
10p TW.VVS1
demantur
174.600.-



frá 65.900.-



Giftingarhringar
174.900.- parið

Kynslóð eftir kynslóð

Jöklaskálar
lítil 5.900.-
stór 7.900.-



Salattöng
13.900.-



Þingvallavatn - bakki
12.900.-

Sultuskeið
6.900.-



Ostahnifur
6.900.-




Kökuhnifur
12.800.-



Eyrafjallajökull
undir grófsalt
4.900.- (salt fylgir)



*Tímalaus hönnun
í jólapakkann*



8.900.-



18.300.-



16.700.-



Sérhannaðar umbúðir



27.900.-



16.900.-



12.400.-



6.900.-



frá 14.900.-



13.900.-



9.900.-



frá 28.900.-



frá 29.900.-



32.900.-



16.900.-

Viðtal við Soffiu Karlsdóttur er endurbirt þar sem hluti þess féll niður í síðasta tölublaði. Viðtalið hefur einnig verið endurskoðað með tilliti til þess tíma sem liðin er og viðburða sem orðið hafa - þar á meðal afmælishátíð bókasafnsins.

Unglingarnir elska bækur

„Það gerir gæfumun fyrir gesti Bókasafnsins að fá þessa veglegu gjöf frá bænum,“ segir Soffía Karlsdóttir sviðsstjóri menningar- og samskiptasviðs Seltjarnarness, sem veitti viðurkenningu gjöf til kaupa á unglingsafni að andvirði hálftrar milljón króna. Það var bæjarstjóri Seltjarnarness, Ásgerður Halldórsdóttir, sem færði Bókasafni Seltjarnarness gjöfina fyrir hönd bæjarsjóðs í tilefni af 130 ára afmæli bókasafnsins 21. nóvember síðastliðinn. Auk þess fékk Bókasafnið nýjar hillur undir efnið og nýtt hljóð- og hátalarakerfi, sem á eftir að nýtast vel fyrir fjölbreytta viðburði í safninu.

Afmæli Bókasafnsins var fagnað með margvíslegum viðburðum en í sérstakri afmælisdagsskrá var heiðursgestur Pálína Magnúsdóttir borgarþókningsráðgjafi og fyrrum bókaforstjóri á Seltjarnarnesi. Í vikunni á eftir var efnt til margvíslegra viðburða m.a. höfundakynningar með Auði Jónsdóttur, Jóni Kalman, Sigurði Pálssyni og Þórdísi Gísladóttur undir stjórn Hildigunnar Þráinsdóttur. Rithöfundurinn Bergrún Íris Sævarsdóttir átti bókmenntastefnumót við yngri kynslóðina og Jón Gnarr átti gott spjall við 10. bekkinga í Való þar sem hann hvatti þau óspart til að gefa heimspekibókmenntum góðan gam.

Ná til barna með bókum fremur en tölvum

Bókasafn Seltjarnarness hefur verið í mikilli þróun undanfarið sem miðar að því að mæta breyttum tímum. „Það er staðreynd að útlán bóka hefur almennt verið að dragast saman, en á sama tíma

erum við að upplifa mun meiri umferð um safnið,“ segir Soffía. „Áskorunin felst í því að nýta þennan lögbundna menningarvetvang í starfi sveitarfélaganna sem best til þess að auðga líf bæjarbúa. Ég hef verið að skoða þróunina í öðrum löndum og heimsótti fyrir skemmstu þrjú bókasafnsútbú hjá New York Public Library og nokkur bókasöfn í Hollandi. Í fyrri heimsókninni lagði ég áherslu á að skoða unglingsdeildir og naut þar fylgdar yfirmanns þeirra. Það sló mig í söfnunum í New York hversu mikil áhersla er lögð á gott og mikið aðgengi að tölvum fyrir börn og unglinga, en það kann að helgast af því að ef til vill er tölvueign almennings þar ekki eins mikil og hér. Í raun styrkti það mig í þeirri trú að setja ekki upp tölvur í unglingsdeild okkar bókasafns, heldur freista þess að ná til barna og ungmenna í gegnum safnkostinn og reyna frekar að efla hann.

Töpuð barátta fyrir bókinni

Í Hollandsheimsókninni var mjög áberandi hvernig söfnin þar



Soffía Karlsdóttir.

eru að vinna með samdráttinn í bókaútlánunum með því að verja minna fé til innkaupa á bókum, geisladiskum og DVD myndum, en nýta það fremur í uppbyggingu á rýminu sjálfu, viðburðum og bókasafninu sem samastað fyrir ólíka hópa. Þeir sögðu beinlínis að baráttan fyrir því að ná upp fyrri útlánstölum

efnislegra bóka væri töpuð. Á hinn bóginn hefur rafbókaútlánunum hjá þeim fjölgað um 50%. Þetta er veruleikinn eins og hann blasir við og þróuninni verður líkast til ekki aftur snúið. Bókasöfnin á höfuðborgarsvæðinu í samstarfi við Forlagið og Landskerfi bókasafna eru þessa dagana að fara af stað með tilraunaverkefni sem snýr að útláni rafbóka og verður spennandi að kynna það þegar þar að kemur,“ segir Soffía.

„Ég elska að lesa“

Starfsfólk bókasafnsins á ærið verkefni fyrir höndum að velja inn nýtt safnefni fyrir ungmenni bæjarins en til að átta sig á vilja og löngun þeirra efndi Bókasafnið til umræðufundar með unglungum og fulltrúum frá versluninni Nexus og rithöfundinum Bryndísi Björgvinsdóttur á nýliðinni Menningarhátíð. „Niðurstaðan úr því spjalli var í grófum dráttum að unglungunum fannst unglingsbókmenntir oft of barnalegar og „lingóið“ ekki sannfærandi, segir Soffía. „Sumir sögðust sækja meira í enskar bækur því þær höfðuðu meira til þeirra. Í framhaldinu gerðum við könnun meðal allra 10. bekkinga í Valhúsaskóla þar sem við spurðum hvaða efni við ættum að kaupa inn, nú þegar við stöndum frammi fyrir þessu skemmtilega viðfangsefni að byggja upp nýja deild fyrir þau.

Spennubækur vinsælastar

Það kom okkur satt best að segja verulega á óvart að 80% nemendanna sögðust fremur kjósa að lesa efnislega bók fremur en hljóðbók eða rafbók. 76% svöruðu því játandi að þykja gaman að lesa

SKATAN ER KOMIN!

- HARÐFISKUR
- SALTFISKUR
- STÓRIR HUMARHALAR
- SKELFLÉTTUR HUMAR



bækur og létu fylgja með athugasemdir eins og „Já mér finnst það æðislegt“ og „Ég elska að lesa“. Þegar þau voru innt eftir því hvernig bækur þau vildu lesa voru 86% sem vildu bæði lesa bækur á íslensku og ensku og aðeins fáeinir völdu annan hvorn kostinn. Þegar kom að vali um innihald, með fleiri valmöguleikum en einum, vildu langflestir lesa spennubókmenntir eða 78% nemendanna en þar á eftir komu myndar bækur sem 66% vildu lesa, 48% kusu sakamálasögur og 40% fantasíur. Færri vildu síðan lesa annað eins og skemmtun/fróðleikur, rómantik, teiknimyndasögur, mangabækur, íþróttabækur/útivist og bækur um tónlist.

Lesið Laxness og Murakami

Ungmennin nefndu hvorki fleiri né færri en 32 höfundar þegar þeir voru beðnir um að nefna sinn eftirlætishöfund. Þar af voru 22 erlendir, 9 íslenskir og þessi eini sem út af stendur var Guð. Vinsældir höfundanna skiptust nokkuð jafnt. Meðal níu ungmenna var J.K. Rowling vinsælust, sex ungmenni nefndu John Green, Jón Gnarr og Þorgrím Þráinsson og þrír sögðu Rainbow Rowell, Suzanne Collins og Veronica Roth vera sína eftirlætishöfunda. Það er ljóst að þessi aldurshópur er ekki endilega að falla fyrir einhverju léttmeti því meðal höfunda sem nefndir eru til sögunnar eru Halldór Laxness og Haruki Murakami. Við spurðum hvort þau vildu hafa áhrif á innkaup safnsins og sögðust



30% vilja gera það og stungu upp á bókum sem eru vinsælar í Ameríku og á Norðurlöndum, myndasögum frá DC Comics og Marvel, heimspækibókum, bókum fyrir ungmenni og fullorðna, bókum og sögum af hinsegin fólki, Laxness og bókum sem verið er að selja í Eymundsson. Þessar upplýsingar munu reynast okkur starfsmönnum Bókasafnsins gott veganesti þegar við förum að kaupa inn fyrir nýju deildina og fyrrséð

að við munum áfram leita til unglínganna okkar þegar við stöndum frammi fyrir endurnýjun safnkostarins,“ segir Soffía og bætir við að auk þessa standi til að auka til muna framboð á viðburðum fyrir unglíngla á næsta ári.

Meðfylgjandi eru myndir eru m.a. frá viðburðum tengdum 130 ára afmæli Bókasafns Seltjarnar.

Blóm jólaanna



- Jólatúlípanar
- Ilmandi Hyacinthus
- Glitrandi jólavendi

Blómagallerí

Gleðileg jól!

Hagamel 67 • S: 552 6070

Um 40 krakkar sýndu Grease á 1. des

Söngur, dans, tónlist og leiklist einkenndu 1. desember hátíð 10. bekkinga Valhúsaskóla sem var haldin 1. desember síðastliðinn. Hefð hefur skapast fyrir því að nemendur setja upp leiksýningu í tengslum við 1. desember og varð söngleikurinn Grease fyrir valinu þetta árið.

Alls komu 40 krakkar að sýningunni sem leikarar, dansarar, söngvarar, búningahönnuðir, sviðsmenn og tæknimenn undir leikstjórn Boga Hallgrímssonar. Sýningin var sýnd á hátíðinni við mikinn fögnuð og einnig á aukasýningu 3. desember fyrir troðfullu félagsheimili. Á 1. des hátíðinni var siguratriði söngkeppni Selsins einnig flutt ásamt lifandi tónlist nemenda. Foreldrar, nemendur og starfsfólk skólans og Selsins gæddu sér á glæsilegu kökuhlaðborði, nemendur dónsuðu samkvæmisdansa og buðu svo foreldrum sínum upp og svo mætti rosaleg hljómsveit og hélt uppi stuðinu fram á rauða nótt.



www.n1.is facebook.com/enneinn

Opið lengur á Ægisíðu

Núna höfum við opið lengur á N1 Ægisíðu fyrir vini okkar í Vesturbænum

Við hlökkum til að taka á móti þér:

Mán til fös kl. 07:30–19:30
Laugardaga kl. 09:00–19:00
Sunnudaga kl. 10:00–19:30

Bílaþjónustan er opin:

Mán til fös kl. 08:00–18:00
Laugardaga kl. 09:00–13:00
Lokað á sunnudögum



Hluti af Vesturbænum





Jólagjöf sem allir geta notað

Gjafakort Arion banka er hægt
að nota hvar sem er.

Þú velur fjárhæðina, þiggjandinn
velur gjöfina.

Gjafakortið fæst í öllum útibúum
okkar og á arionbanki.is/gjafakort

 **Arion banki**
– fyrir framtíðina

Heilsugæslan heim á ný

Nú geta Seltirningar glaðst og aftur farið í heilsugæsluna heima á Nesinu því búið er að flytja hana til baka á sinn fyrri stað. Heilsugæslan opnaði í endurgerðu húsnæði á Nesinu mánudaginn var 7. desember.

Heilsugæslan hefur verið um tíma til húsa í Landakotsspítala við Túngötu í Reykjavík. Ástæður þess að hún var færð þangað tímabundið voru viðamiklar endurbætur á húsnæði hennar



á Seltjarnarnesi. Þeim er nú lokið og geta Seltirningar sótt heilsugæsluna heim á sinn gamla stað á Nesinu.

Jólatilboð á dúnsængum og koddum



DÚN & FIDUR

Hreinsun og endurnýjun í yfir 50 ár

Laugavegi 86 • 101 Reykjavík
S: 511 2004 • E-mail: dunogfidur@dunogfidur.is
www.dunogfidur.is

Ánægjuleg heimsókn lögreglustjóra

Hún var ánægjuleg heimsóknin sem bæjarbúar fengu frá lögreglustjóra, Sigríði Björk Guðjónsdóttur og hennar fólki á dögnum. Þar kynnti Sigríður þróun brota á Seltjarnarnesi og svaraði fyrirspurnum gesta úr sal.

Helstu niðurstöður kynningarinnar voru þær að Seltirningar geta verið öruggir í sínu umhverfi en almennt er staðurinn meðal þeirra sem eru með fæst brot á landsvísu. Því til vitnis sagði Sigríður að aðeins eitt tilkynnt innbrot á heimili væru í gögnum lögreglunnar fyrir árið 2015. Einnig kom fram að heildarfjöldi tilkynnta eignarspjalla frá 1. janúar á þessu ári til 6. nóv væru fimm talsins. Eitt umferðaróhapp var að finna í gögnunum og hraðabrot eru afar fátið. Aukning varð á tilkynntum ofbeldisbrotum og heimilisofbeldisbrotum á



Sigríði Björk Guðjónsdóttur.

tímabilinu en það vildi lögreglustjóri rekja til sérstaks átaks sem lögreglan hefur staðið fyrir gagnvart þessum málaflokki. Það skaut hins vegar skökku við í gögnunum að einungis 78% íbúa á Seltjarnarnesi eru ánægðir með störf lögreglu samanborið við 91% á höfuðborgarsvæðinu í heild sinni.



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

10 ára afmæli

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum viðskiptin á liðnum árum.

Iris og Anna



Salon Nes | S: 562 6065 | Austurströnd 12
iris@salonnes.is | www.salonnes.is



Allar jólagjafirnar á einum stað

Ekki þvælast um bæinn
þveran í leit að jólagjöfum.
Verstaðu heima í héraði
á hagstæðu verði.




bókakaffi
stúdentanna

Í Bóksölu stúdentanna á Háskólatorgi finnur þú meira en þig grunar. Njóttu þess að vera í notalegu umhverfi, fáðu þér kaffi og köku í Bókakaffi stúdentanna, kíktu á nýjustu bækurnar og skoðaðu allar skemmtilegu gjafavörurnar í Kaupfélagi stúdentanna.


KAUPFÉLAG
stúdentanna

bóksala stúdentanna

Viskubrunnur við Vatnsmýrina

Háskólatorgi - www.boksala.is - www.facebook.com/boksala

Viðtal við Evu María Jónsdóttur

Ég er í tengslum við söguna og heilsuna á Seltjarnarnesi

Nafn Evu María Jónsdóttur er mörgum kunnugt. Hún starfaði um árabíl fyrir sjónvarp en hvarf svo að miklu leyti af skjám landsmanna. Hvað varð um hana. Hvert fór þessi glaðlega kona sem oft hafði komið áhorfendum sínum í gott skap með glaðværð og efnisvali um menn og málefni. Hún hélt til náms á nýjan leik og hefur nú lokið meistaranámi í miðaldrafræði við Háskóla Íslands. Hún flutti einnig út á Seltjarnarnes þar sem hún býr með eiginmanni sínum Sigurpáli Scheving lækni og sjö börnum en þau lögðu hvort um sig þrjú börn í búíð frá fyrri hjónaböndum auk þess að eignast eitt saman. Hún hefur einnig verið að huga að heilsueflingu að undanförunu og segir Seltjarnarnes kjörinn stað til þess að tengjast að heilsusamlegu lífverni. Nesið er einnig nálægt miðaldrafræðunum vegna þess flest bendi til að mannlíf muni hafa verið þar öldum saman. Eva María spjallar við Nesfréttir að þessu sinni og var fyrst spurð af hverju hún hefði valið Seltjarnarnes til búsetu.

„Haustið 2010 vorum við hjónin að leita okkur að húsnæði. Þá vorum við nú saman í um 120 fermetra íbúð. Við vorum búin að sameina tvær fjölskyldur og svo fæddist okkur litil stúlka. Þótt við yrðum að stækka við okkur vegna fjölskyldunnar þá vildum við ekki flytja í mjög stórt hús og því reyndist erfitt að finna húsnæði sem hentaði hugmyndum okkar. Þetta varð að vera þannig að þegar við vorum bara þrjú heima þá værum við ekki hvert í sínu horni en við yrðum líka að geta hýst alla þegar barnahópurinn væri saman hjá okkur. Eftir húsnæðisleit í heilt ár fundum við raðhús á Seltjarnarnesi með fullt af litlum barnaherbergjum og þegar búíð var að breyta þvottaherberginu og bílskúrnun í barnaherbergi þá var komið ágætt rými þótt börnin séu ekki öll með sér herbergi sem ég held að engan hafi skaðað.“

Uppgötvaði hvað við erum rík

Þau Eva María og Sigurpáll fluttu út á Nes um svipað leyti og hún ákvað að setjast á skólabeck. Unga dóttirin var ekki byrjuð í leikskóla og varð Eva María að fá pössun fyrir hana á meðan hún skrapp út í háskóla eins og hún komst að orði en auðveldara hafi orðið að sinna náminu eftir að sú litla hóf sitt leikskólánám. „Ég var ekki á fullum hraða í náminu. Framan af var ég á hálfum hraða en herti svo á og undir lokin var ég komin á fulla ferð.“ En hvað uppgötvaði Eva María einna helst í náminu í miðaldrafræðinni. „Ég uppgötvaði fyrst og fremst hvað við erum rík. Við erum rík af að eiga bókmenntahefð sem nær aftur á 13. öld, en elstu ritheimildir íslenskar eru frá seinni hluta 12. aldar. Við eigum ógrynni af handritum sem enn hefur ekki verið litið á að neinu ráði og úrvinnsla þeirra bíður fræðimanna framtíðarinnar. Ég held að margvíslegur fróðleikur um fyrri tíma leynist í þessum handritum bæði er varðar tungumálið okkar íslenskuna, menningarlífið, hugsunarhátt fólks og aðstæður



Eva María Jónsdóttir.

karla og kvenna og barna fyrr á tímum. Með því að fara í gegnum þessi handrit –þennan fróðleik þá tel ég að við eigum eftir að geta nálgast söguna með mun nákvæmari hætti en verið hefur.“

Sögur af óþekktum konum

Fornsögurnar geyma sagnir af öflugum konum – kvenskörungum og þá vakna spurningar um hvort hér hafi verið meira kvenfrelsi til forna en í nágrrannalöndunum. Eva María segir að þetta hafi verið rannsakað nokkuð og komið í ljós að hér hafi ekki verið neitt sérstakt kvenfrelsi í lögum – ekki meira en annars staðar. „Við megum ekki horfa fram hjá því að þessi hugmynd um sterku íslensku konurnar eru komnar úr sögum og þegar sagnamenn ákveða hvað er í frásögur færandi þá velja þeir og hafna úr því sem hefur fyrir augu og eyru borið. Það hefur til að mynda alla tíð þótt í frásögur færandi þegar fólk er óþekkt og fer ekki eftir viðteknum samfélagsreglum, gerir ekki það sem ætlast er til af því. Þess vegna hafa orðið til sögur af konum sem voru óþekkar og af frásögnum sagnameistaranna hafa sprottið hugmyndir um að hér hafi verið til einhverskonar ofurkonur. Þetta eru konur á borð við Hallgerði Langbrók sem neitaði manni sínum um hár í bogastreng, hina fjörgiftu Guðrúnu Ósvífursdóttur og Auði Vésteinsdóttur sem kýldi mann svo úr blæddi. Þær eru allar eftirminnilegar persónur íslendingasagnanna. Ég held að flestar sögur af konum frá miðöldum séu sögur af óþekktum eða óvenjulegum konum. Við getum horft út í heim og rifjað upp sögurnar af Jóhönnu af Örk, Heloísu og Hildegard frá Bingen og

séð að þær gengu líka gegn viðteknum hugmyndum um hvernig konur áttu að haga sér. En þessar konur eru í dag sveipaðar einskonar hetjuljóma, síst þó Hallgerður, sem hefur þurft að þola ótrúlega harðan dóm sögunnar.“

Hagkerfið færir á hliðina

Eva María glottir við og segir að reyndar séu óþekkar konur enn í dag mikill fjársjóður og óþekkt fólk almennt. Fólk sem til alls er víst. „Fólk verður auðvitað að geta rekist í samfélagi en það verður líka að láta reyna á þau bönd sem binda samfélagið saman og víkka þannig út hugmyndaheiminn. En því miður. Konur á Íslandi eru taldar búa við mest jafnrétti í heiminum. Samt erum við hneppt í hugarfar sem veldur því að meðallaun kvenna eru lægri en karlmanna, ofbeldi gegn konum er ólíðandi og fjölmiðlar birta mynd af heimi þar sem konur eru á góðum degi aðeins þriðjungur mannkyns. Sem betur fer er umræðan orðin það opin að von er til að hægt sé að lagfæra kynjahallann hratt og örugglega. Framfarasporin þurfa ekki að taka langan tíma, jafnvel einn til tvo áratugi ef fólk er sammála því að þau þurfi að eiga sér stað. Á undanförunum áratugum höfum við horft á hverja konuna á fætur annarri taka að sér valdamestu embætti samfélagsins, forseti, borgarstjóri, forsætisráðherra og biskup. Það er gott að vera uppi á slíkum tímum. Annað sem ég get bent á og varð að veruleika á seinni hluta síðustu aldar er viðvera karlmanna við fæðingu barna sinna. Það leið um einn og hálfur áratugur frá að karlmenn voru nánast aldrei viðstaddir fæðingar þar til að þeir voru viðstaddir í lang flestum tilvikum. Þetta er ekki langur tími í samanburði við það sem við erum að heyra í dag að launajafnrétti verði ekki náð fyrr en árið 2133. Það segir okkur að það er gríðarleg fyrirstaða einhvers staðar en við vitum ekki nákvæmlega hvar hana er að finna eða hvar eigi að bera niður í baráttunni til að ná þessu markmiði.“

Eva María bendir á þátt kvenna í hagkerfinu og rifjar upp orð manns nokkurs sem taldi hagkerfið myndu leggjast á hliðina ef konur fengju jafn há laun og karlar. „Mér þætti gaman að heyra hagfræðinga af báðum kynjum ræða þessa fullyrðingu af alvöru.“

Læsi útbreiddara hér á landi

Eva María segist hafa komist að öðru þegar hún fór að stúdera miðaldrafræðina en það er snertiflötur Íslands og annarra Evrópulanda. „Oft hefur verið rætt um sérstöðu íslenskra bókmennta á miðöldum og fornbókmenntirnar okkar, sem í raun eru miðaldabókmenntir, eru í hávegum um allan heim. En það er merkilegt að hingað bærust margvísleg áhrif sunnan úr álfunni, en svo virðist sem áhrifin hafi ekki verið í báðar áttir. Menningarstraumarnir hafi leitað upp til okkar en ekki farið að sama skapi til baka. Jafnvel ekki að neinu leyti. Það eru engin áhrif merkjanleg frá íslenskum bókmenntum í öðrum löndum. Það finnst hvergi neitt sem er

sambærilegt við Íslendingasögurnar eða annað sem hefur beina samsörun við rímur. Þetta eru tvær fyrirferðamestu séríslensku bókmenntageinarnar. Hins vegar eru finnanleg áhrif frá riddarasögum í Íslendingasögum og eins eru bragarhættir rímnanna skyldir bragarhátum sem finna má á latínu og í breskum og þýskum kvæðum frá miðöldum.“

Læsi merkilegt í samanburði við grannlöndin

„Menn hafa leitt hugann að þeim möguleika að hér hafi fleiri verið læsir og skrifandi en almennt gerðist í Evrópu. Hin mikla framleiðsla bóka og handrita hefur þótt benda til þess að fleiri en kirkjunnar menn hafi snemma náð tökum á þessari byltingakenndu tækni að lesa og skrifa. Ein rannsókn benti til þess að þorri höfðingja og betri bændu hafi verið læs og skrifandi um 1200 aldar á Íslandi og er það merkilegt í samanburði við grannlöndin. En þessi niðurstaða á ekki við um kvenþjóðina, nema þá nunnur.“

Ritmálið orðið til á skömmum tíma

Eva María er áhugasöm um upphaf ritmáls á Íslandi. „Nánast um leið og Ísland verður kristið er ritmálið komið til sögunnar og það virðist hafa náð fótfestu á skömmum tíma. Rúmri öld eftir kristnitöku skrifar óþekktur málfræðingur fyrstu málfræðiritgerðina sem er leiðbeining um hvernig nota skuli stafrófið (latneska) Menn skrifuðu samt sem áður alla vega fram eftir öldum allt fram á 19. öld að réttitrun varð svo að segja „lögboðin. Annað sem er mjög áhugavert við íslensk handrit frá miðöldum er að sjá hvernig lesa má rætur orðanna. Menn voru að spara skinnið og þurftu því að nota miklar styttingar og að skrifa stafi fyrir ofan línur og merkilegt að sjá hvernig menn fóru að því að koma svona góðu efni frá sér. Og nú eru menn aftur farnir að beita þessari styttingaaðferð,“ bætir hún við. „Fólk stýttir grimmt þegar það er að senda SMS og önnur smáskilaboð til að spara innslátt og tíma og þannig verður til nýtt skrifmál þótt skorti á skinni verði ekki kennt um.“

Þetta var hættulegur tími

En aðeins aftur að þeim þráðum úr

miðaldafræðinni sem Eva dregur enn með sér. Hún segist hafa orðið spennt fyrir einum karakter í sögunni sem er 17. aldar maður og telst því ekki miðaldamaður nema óbeint. Mig langar til að skoða sögu þessa mans betur eða eins vel og hægt eftir þeim heimildum sem hægt er að hafa. Þetta er Kolbeinn Grímsson sem var kallaður jöklaskáld eða Kolbeinn undir Jökli. Það eru til þjóðsögur um hann að kveðast á við Kölska.“

Eva María hefur verið að lesa rímur eftir Jöklaskáldið og segir að þeir Kolbeinn Grímsson og Hallgrímur Pétursson hafi verið taldir helstu skáld 17. aldar þótt kveðskapur þeirra sé í hugum manna gjörólíkur. Annar var kristið trúarskáld hinn af ætt þeirrar aldrar sem kennd var við galdra enda sakaður um kunnáttu í þeirri grein þótt hvergi finnst í skjölum nein mál sem sanna að hann hafi verið sóttur til saka í þeim efnunum.

Hægt að koma í veg fyrir heilsuvanda

En frá miðöldum og galdraöld til nútímans - heilsugöldrum. Eva María hefur snúið sér að heilsuefningu samfara rannsóknum sínum á sögu fyrri tíma. Hvað kemur til að hún fór að snúa sér að svo óskildum viðfangsefnum. „Sem betur fer þá hef ég haft tíma til þess að huga að heilsunni og reyni að sinna heilsu allrar fjölskyldunnar vel. Maðurinn minn er lækni með hjartasjúkdóma sem sérgrein og ég er ef til vill undir áhrifum frá honum sem stöðugt er að fást við heilsutengda sjúkdóma. Fólk er í misjöfnu ásigkomulagi þegar það tekur ákvörðun um að nú sé kominn tími til þess að fara til læknis. Sumir sem koma vilja bara vita hvernig þeir standa, láta tækka á sér og aðrir vilja helst fá einhver lyf í von um að þau leysi fljótt og vel allan vanda. Það er óumdeilt að lyfjagjöf getur gert margt gott og bjargað mörgu. En lyf leysa ekki allan vanda mannfólksins. Við hugum minna að forvörnunum en ég tel réttlætlanlegt og því hvernig hægt er að koma í veg fyrir að margskonar heilsuvaldi skapist. Þrátt fyrir sjúkdóma sem erfast frá kynslóð til kynslóðar – frá manni til manns þá er einnig mikið um áunna sjúkdóma í samfélaginu. Þetta veit fólk upp til hópa í dag. En það er svo margt sem við viljum ekki sjá og horfum í gegnum fingur okkar með frasana um hvað það sé nú leiðinlegt að þæla í heilbrigði og maður eigi að forðast ófgar. Viðmið WHO um sykurneyslu

er til að mynda það að fólk neyti ekki meira en um 25 g af sykri á dag. Í gosflösku er helmingi meira magn sykurs en það. Við erum í ófgafultri neyslu núna og þurfum að horfa á staðreyndir til að rétta kúrsinn af. Ég er ekki að tala um að fólk fari að neita sér um allar lífsins lystisemdir, aðeins að viðurkenna að við höfum upp til hópa látið matvælaíðnaðinn teyma okkur frá náttúrulegri fæðu að fjöldaframleiðslu sem er meira umhugað um að selja og græða en að viðhalda heilbrigði mannkyns.“

Matrófið rétt eins og stafrófið

Eva María segir að fólk geti gert margt sjálft en þurfi að fá hvatningu og oft þarf fólk að veikjast alvarlega til að snúa sér að hollari lífsháttum. „Mér finnst ég vera komin á þann stað í lífinu að þykja nógu vænt um mig til að fara vel með mig. Ég er farnir að púla í ræktinni og leggja vissa alúð við fæðuval og mataræði. Í dag höfum við aðgang að slíkri gnótt matar að við verðum að eyða orkunni með einhverju móti. En þetta ástand er frekar nýtilkomið, þessi vestrænu gæði hafa ekki alltaf verið til staðar hér á landi og fólk ekkert verið að éta yfir sig og þurfa svo að hlaupa ofátið af sér. Fyrir vikið borðum við of mikið og oft eitthvað sem á lítið skylt við mat. Og þá er ég ekki endilega að gagnrýna fæðuval heimilanna – ruslfæðið sem stundum er nefnt, pizzur, hamburgara, allskyns samlokur og annað í þeim dúr heldur einnig og ekkert síður aðra matvöru sem okkur stendur til boða. Við vitum ósköp líðið um hvað efni eru í fæðunni þegar við göngum um stórmarkaðina með innkaupakerruna á undan okkur. Hvaða lyf er dýrum gefið á fæti. Eru sýklalyf mikið notuð í landbúnaði? Eru einhverjum efnun blandað í matvöruna á vinnslustigi. Við erum kannski ekki alltaf með hugann við þetta í stórmarkaðnum og treystum því að ef þetta væri ekki gott fyrir okkur, þá væri þetta ekki selt. En það er alltaf að koma betur og betur í ljós að við höfum alltof oft treyst stórfyrirtækjum í blindni.“ Eva María snýr sér að því sem hún kallar matrófið. „Það er með matrófið eins og stafrófið. Fólk þarf að læra á það, kunna að lesa matinn eins og orðin.

Ég er þeirrar skoðunar að leik- og grunnskólinn þurfi að leggja meiri áherslu á þá kennslu og fræða börnin hreinlega um mataræði. Heimilin virðast ekki hafa nægan tíma aflögu til þess þótt fólk reyni að

JÓLABÆKURNAR KOMA FRÁ HÓLUM!



Steven Gerrard
- einn besti
knattspyrnumaður
sinnar kynslóðar.



**Heretan á Ströndum
og Norðurlandi vestra**
- fræðandi bók um
tímabil sem má
ekki gleymast.



**Það er gott að búa
í Kópavogi!**
- gamansögur af
Kópavogsbúum
sem allir hafa
gaman að.



Hrekkjalómafélagið
- óborganlegar
sögur af hrekkjum
og á stundum mjög
svo óvæntum við-
brögðum við þeim.



Skósveinarnir-leititið og finnið
og
Skósveinarnir-skáldsaga
-Skósveinabækurnar hafa svo
sannarlega slegið í gegn.



stjórna tímanum eins og það getur, þá þarf þolinmæði til að kenna börnum að meta annað bragð en það salta og það sæta. Börn þurfa að læra á hin mismunandi brögð náttúrunnar. Það er líka á ábyrgð hvers og eins að gera sér grein fyrir innihaldi matarins og því hvað áhrif hann hefur á líkamann. En þarna þurfa fullorðnir að leiða börnin áfram, þau gera bara eins og fyrir þeim er haft.“

Í tengslum við heilsuna á Nesinu

„Mér finnst ég vera í nánari tengslum við heilsuna hér á Seltjarnarnesi en annars staðar – meðal annars á meðan ég bjó í miðborg Reykjavíkur. Hér er náttúran alls staðar. Sjór umlykur Seltjarnarnes á næstum alla vegu og hið manngerða umhverfi fellur vel að náttúrunni. Eftir að fjölskyldan flutti hingað förum við meira út að ganga og hlaupa en áður. Maður er meira að segja farinn að nota golfvöllinn sem viðkomustað, svo ekki sé minnst á íþróttamannvirkin öll með tölu. Þess verður ekki langt að bíða að maður gerist áhugamaður um fuglaskoðun og farið að venja komur sínar að Bakkatjörn, svo langt virðist aðlögunin að þessum stað ganga.“

Nálægðin á milli fólks virðist mér meiri en gengur og gerist í stærri og fjölmennari samfélögum, þrátt fyrir að Nesið sé í sumra augum aðeins framhald af höfuðborginni. Það er notaleg tilfinning að hitta sama fólkið oft og iðulega, hvort sem það er í sturtunni í sundi eða við kassann í áfengisversluninni. Það er margt uppbyggilegt og jákvætt í gangi í þessu litla samfélagi en það eru líka hlutir sem mætti bæta og sem nýbúi hér sé ég möguleika á betrumbótum sérstaklega þar sem fæðið er og fræðsla þar að lútandi. Þetta draumabæjarfélag gæti tekið forystu í að horfa til framtíðar og bjóða uppá næringarríkasta og fjölbreyttasta skólamat landsins, alið af sér heilu árgangana þar sem matvæðni væri fátíð. Það færi einstaklega vel saman með umhverfisverndarsjónarmiðum leikskólans. Einnig horfi ég löngunaraugum til þess tíma þegar líf verður komið í þá byggingu sem átti að hýsa Læknaminjasafnið. Þar gæti verið miðstöð norðurljósaskoðara og unnenda náttúrunnar, auk þess sem skoða mætti hvort nútímaleg heilsugæsla með áherslu á forvarnir ætti ekki vel heima í þessari umdeildu nýbyggingu á einum fallegasta reit höfuðborgarsvæðisins.“

Portrett og landslag í Gallerí Gróttu



Myndlistarmaðurinn Kristján Jónsson opnar sýningu í Gallerí Gróttu fimmtudaginn 10. desember kl. 17.

Í spjalli við listamanninn segir hann að list sem sé yfirþyrmandi merkileg geti verið fremur þreytandi, en aftur á móti þreytist maður aldrei á landslaginu. Hann vill ekki láta taka sig of hátfölega en ræðst þó með pensilinn að vopni á strigann og fetar í fótspor gömlu meistaranna með hið hefðbundna gamalkunna stef, portrett og landslag. Kristján stundaði nám í Escola Massana listaskólanum í Barcelona og hefur sýnt reglulega bæði hér á landi og erlendis síðustu 20 ár. Verk eftir hann eru í eigu fjölda einstaklinga, fyrirtækja, stofnana og safna.

Allir eru velkomnir á sýningaropnunina en Gallerí Gróttu er á 2. hæð á Eiðistorgi við hlið Bókasafnsins.



Gjafir sem gefa!



Íslenska FLOTHETTAN!

Nú með nýju mynstri eftir Sigga Eggertsson.

Án efa notalegasta jólagjöfin!

Nærandi MÖNTRUARBÖND!

Orð eru til alls fyrst. Silfrud & gyllt.

Á konur og karlmenn.

LÍFRÆNN & SMART

Eigum nú með nýju sniði:

Buxur
Boli
Toppa
Samfestinga



Ekkert toppar MANDUKA!

Manduka PRO og eKO jógdýnur í mörgum litum og stærðum.

Einnig jóghandklæði, -púðar, --kubbar, -töskur, -bönd ofl. fylgihlutir.

Manduka gefur tóninn í jógaheiminum.

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI

Fyrir neðan sundlaugina og World Class.
www.facebook.com/Systrasamlagið
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:

Virkir dagar 8:30 - 18
Laugardagar 10 - 16
Opð sun 20. des frá 12-17 • Þorláksmessu til 19.00



Gjafakort Íslandsbanka

STUNDUM
ER GAMAN AÐ
LEYFA ÖÐRUM
AÐ ÁKVEÐA

Einfaldaðu
ákvörðunina með
gjafakorti Íslandsbanka

Gjafakort Íslandsbanka hittir alltaf í mark og er gjöf með endalausum möguleika. Kortid má nota eins og önnur greiðslukort, bæði í verslunum um allan heim og á netinu.

Pú færð gjafakortid í fallegum umbúðum í næsta útibúi Íslandsbanka.



FLUGELDASALA BJÖRGUNARSVEITANNA

28. des. Kl. 10-22

29. des. Kl. 10-22

30. des. Kl. 10-22

31. des. Kl. 8-16

BJÖRGUNARMIDSTÖÐ
VIÐ BAKKAVÖR



BJÖRGUNARSVEITIN ÁRSÆLL
REYKJAVÍK - SELTJARNARNES



Vertu flott um hátiðarnar



Ljós: Silla Páls

Silla, Laufey og Sigrún sjá um að ná fram því fallegasta í þér.



Sigrún á Hársögu segir:
Fallegur háralitur, bylgjur,
töff greiðslur
og glansandi hár með
góðum hársnyrtivörum.
Láttu fagmanninn sjá um
að hárið sé í sínu besta
standi.



Laufey hjá Leilu Eiðistorgi segir:
Fallega lagaðar augabrúnir og vel
nærð húð er undirstaða að fallegri
förðun. Nú er glansandi áferð
áberandi, highlight, gerfiauðnhár,
eyeliner, sexy varalitur, glansandi
gloss, gylling og glamour.



Silla hjá Ljósmyndastofu Erlings Eiðistorgi segir:
Það er alltaf tilefni fyrir myndatöku og nauðsynlegt að
eiga góða mynd af sér hvort sem það sé fyrir ferilskrá, fyrir
þig sjálfa/an eða til að gleðja aðra með. Vinsælt er að koma
í portrett myndatöku þar sem
tekin er falleg mynd og unnin
eftir óskum hvers og eins.

Ljósmyndastofa Erlings
Eiðistorgi
Snyrtistofa Leila
Eiðistorgi
Hársaga
Hótel Sögu



Helgiöld um jól og áramót í Seltjarnarneskirkju

13. desember –

Fjölskyldustund kl. 11.

Jólasveinninn kemur í heimsókn og færir börnunum gjafir. Pálína Magnúsdóttir, æskulýðsfulltrúi ásamt leiðtogum og sóknarpresti. Kaffiveitingar.



20. desember –

Selkórinn syngur í guðsþjónustunni undir stjórn Oliver Kentish. Organisti kirkjunnar leikur á orgelið. Sr. Bjarni Þór Bjarnason, sóknarprestur þjónar. Kaffiveitingar.

23. desember –

Þorláksmessa – Orgelstund við kertaljós kl. 22. Friðrik Vignir Stefánsson leikur á orgelið. Eygló Rúnarsdóttir syngur.

24. desember –

Aðfangadagur jóla – aftan-söngur kl. 18. Sóknarprestur þjónar. Organisti kirkjunnar leikur á orgelið.

Miðnæturmesa kl. 23.30. Kór Menntaskólans í Reykjavík syngur undir stjórn Kára Þormar. Sóknarprestur þjónar og organisti kirkjunnar leikur á orgel.

25. desember –

Jóladagur – hátíðarmessa kl. 14. Sr. María Ágústsdóttir, héraðsprestur, þjónar. Organisti kirkjunnar leikur á orgelið. Kaffi og smákökur eftir messu.

26. desember – annar í jólum – helgistund við upphafs Kirkjuhlaups Trimmklúbbs Seltjarnarness kl. 10. Heitt súkkulaði og smákökur eftir hlaupið.

27. desember –

guðsþjónusta kl. 11. Söngfélag Skaftfellinga syngur undir stjórn organista. Sóknarprestur þjónar. Kaffiveitingar.

31. desember –

Gamlársdagur – Opið hús kl. 20.30 til kl. 22. Fólk sem fer á og kemur af brennuni getur staldrað við í safnaðarheimlinu og fengið heitt súkkulaði og smákökur eins og fyrri ár. Gróa Hreinsdóttir, organisti, leikur áramótalög og áramótasálma á orgelið/flygilinn.

1. janúar –

Nýársdagur – hátíðarguðsþjónusta kl. 14. Svana Helen Björnsdóttir, verkfræðingur, flytur hátíðarræðu. Sóknarprestur þjónar og organisti kirkjunnar leikur á orgelið. Kaffi og smákökur eftir athöfn.

Fermingarbarnaferð í Skagafjörð



Fermingarbörn af Seltjarnarnesi fóru í fermingarbarnaferð í Skagafjörð dagana 11. til 13. október sl. Hópurinn gisti á Löngumýri eins og tvö undanfarin ár. Fermingarbörnin á Nesinu hittu fermingarbörnin á Sauðárkróki seinna kvöldið, en Sauðárkróksöfnuður er vinasöfnuður Seltjarnarnessafnaðar. Á myndinni má sjá fermingarbörnin ásamt foreldrum, sóknarpresti og sóknarnefndarmönnum. Tókst ferðin einstaklega vel í alla staði.

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum viðskiptin

Starfsfólk
Hársmyrtistofunnar Permu



HÁRSNYRTISTOFA

EIÐISTORGI 13 - 15

SÍMAR: 561 1160 OG 561 1162

SAUMAVERKSTÆÐI GRANDA

FATABREYTINGAR OG VIÐGERÐIR



Sími: 788-5544

Opið / 9:00 - 13:00 Mánd. - Fimmtud. og 9:00 - 16:00 Föstud.

Fiskislóð 53, 101 Reykjavík

www.facebook.com/saumaverkstæði-granda

Eru tryggingarnar þínar í lagi?

VÍS



Kristinn Rúnar Kjartansson

kristinnk@vis.is

Sími 560 5155 | GSM 820 0762

Býð faglega tryggingaráðgjöf og tilboð í tryggingar fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki.

Það er mikilvægt að tryggingarnar séu í takt við þarfir þínar eða fyrirtækis þíns hverju sinni.

Hafðu samband og ég fer yfir málin með þér.

VÍS - þar sem tryggingar snúast um fólk

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

Vandaðir krossar á leiði!

3ja ára
ábyrgð



JS LJÓSA SMÍÐJAN

VÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN

Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Hvar er Jesúbarnið?

Kæri lesandi.

Um daginn rakst ég á aðventudagatal sem var til sölu í matvörubúðinni. Þetta var stórt og fallett dagatal sem vísaði til jólanna á ýmsan hátt. Stjörnubjartur himinn með skínandi Betlehemsstjörnu blasti við manni. Þar fyrir neðan mátti sjá snævi þakin hús eins og þau gerast fallett í austurrísku Ölpunum. Ýmiss húsdýr voru á víð og dreif, ekki aðeins kindur heldur einnig geitur, gæsir og kýr, og bóndi nokkur sat skælbrosandi á dráttarvélinni sinni með stóra heyrúllu í skóflunni, og svo voru fleiri heyrúllur allt í kring. Á miðri myndinni mátti sjá lítinn engil og við hliðina á honum stóð stór jólasveinn í sínum hefðbundna og alþjóðlega búningi með hvítt skegg og brosandí út að eyrum.

Ég stóð þarna og virti þessa mynd fyrir mér og sá fljótt að það vantaði eitthvað á þessa mynd. Það vantaði Jesúbarnið, Maríu og Jósef og vitringana á myndina. Ég velti því fyrir mér hvort að jólasveinninn ætti að koma í stað jólabarnsins.

Getur verið að þetta jóladagatal sé talandi dæmi um samtíma okkar? Getur verið að við eigum það til að gleyma sjálfu jólabarninu í öllu tilstandinu í kringum jólin? Jesúbarnið sem er tilefnið sjálft.

Þetta væri svipað því að við færum í afmælisveislu og gleymdum sjálfu afmælisbarninu. Við myndum láta eins og það væri ekki til, en nytum góðra veitinga og spjölluðum við fólkið í afmælisveislunni og

skemmtum okkur hið besta. Samkvæmt þessu myndum við hvorki heilsa afmælisbarninu né kveðja það og þar af leiðandi alls ekki óska því til hamingju með daginn. Okkur þætti eðlilega slík framkoma vera hin undarlegasta.



Bjarni Þór Bjarnason.

En bíðum við. Hvernig er fjallað um jólin og tilefni þeirra í fjölmörgum dagsins? Svo virðist vera að það megi ekki nefna Jesúbarnið á nafn. Það er aftur á móti fjallað um alls kyns jólahæðir í mat og drykk og margs konar skreytingar tengdar jólum. Jólasveinarnir fá ómælda athygli sem og allt þetta ytra þrjál hátíðarinnar sem skiptir í raun litlu máli þegar grannt er skoðað.

Gleymum því ekki inntaki jólanna, komu frelsarans í heiminn, sem nefndur er í Biblíunni ýmsur fögnum nöfnum, eins og undraráðgjafi, Guðhetja, eilífðarfaðir og friðarhöfðingi. Munum eftir Jesúbarninu, afmælisbarninu, eða eins og segir í Spádómsbók Jesaja: „Því að barn er oss fætt, sonur er oss gefinn. Á hans herðum skal höfðingjadómurinn hvíla.“

Guð gefi þér og þínum gleðilega jólahátíð, í Jesú nafni.

*Bjarni Þór Bjarnason,
sóknarprestur í Seltjarnarneskirkju.*

*Gleðileg jól
og
þarsælt komandi ár!*



Þæjarstjórn og starfsmenn Seltjarnarnesþæjar senda þæjarbúum jólakveðjur með þökkum fyrir ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða

Allt gengur vel við Elliða

Framkvæmdir við dælustöðina við Elliða ganga ágætlega samkvæmt upplýsingum frá Þjónustumiðstöð Seltjarnarness.

Þó hafa orðið nokkrar tafir sem helst má rekja til slæms veðurfars. Vonir standa til að framkvæmdum verði lokið um miðjan janúar.

Gamlar ljósmyndir

VIÐ LEITUM AÐ MYNDUM TEKNUM Á ÁRUNUM 1940 - 1960 AF STRÍÐSMINJUM Á SELTJARNARNESI EINKUM SUÐURNES - LJÓSKASTARAHÚS - VALHÚSAHÆÐ. EF ÞIÐ BÚIÐ SVO VEL AÐ EIGA MYNDIR FRÁ ÞESSUM TÍMA ÞÁ VINSAMLEGAST SENDIÐ UPPLÝSINGAR/MYNDIR Á POSTUR@SELTJARNARNES.IS EÐA HAFIÐ SAMBAND VIÐ GYÐU Í SÍMA 595 9100, AUSTURSTRÖND 2, 170 SELTJARNARNES. UMHVERFISNEFND SELTJARNARNESS

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996

Vaktsímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is • Allan sólarhringinn



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Munið Minningarkort Kvenfélagsins Seltjarnar
Til styrktar kirkjujói Seltjarnarneskirkju
Þau fást á Þejarskrifstofu Seltjarnarness
Austurströnd 2 - Sími: 595 9100

NES FRÉTTIR

Óskum Seltirningum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári!

UMHVERFISHORNID

ENGINN GETUR GERT ALLT ALLIR GETA GERT EITTHVAÐ

Nemendur í 6. og 7. bekk í textílmennt ásamt nemendum í vali í saumi og hönnun, hönnuðu og saumuðu innkaupatóskur sem voru til sölu í skólanum 18. nóvember sl. Með þessu verkefni vilja þau sýna samkennd og gefa af sér til að hjálpa öðrum, minnka plastpökanoftkun og nýta og endurnýta efnisbúta og afgangsefni. Allur ágóði af sölunni rennur til flóttamannahjálpar.



Ásta Vilhjálmssdóttir textílkennari hefur kennt textílmennt við grunnskóla Seltjarnarness sl. 10 ár. Það er skoðun Ástu að neysla á Vesturlöndum sé orðin of mikil og hún telur það skyldu okkar að fræða komandi kynslóðir um þetta og að gera allt sem í okkar valdi stendur til að snúa þessari þróun við. Hin mikla neysla skapar ekki einungis mengun heldur stuðlar hún einnig að misskiptingu auðlindanna og þess vegna hefur Ásta einnig lagt upp úr samhyggju í kennslustörfum sínum. Hún telur að það sé gott að vera meðvitaður um hversu gott við höfum það á Vesturlöndum. Við getum vel lagt okkar af mörkum til að hjálpa öðrum, jafnvel þótt við séum aðeins börn – það sé góð tilfinning að hjálpa öðrum.

Dæmi um verkefni sem grunnskólanemendur hafa unnið sem tengjast endurvinnslu og samhygð:

- Í vali (8.-10. bekkur) gera nemendur alltaf a.m.k. eitt verkefni á vetri þar sem þau endurhanna einhverja gamla flik. Stundum hafa þau farið í Rauðakrossbúðina eða Heritex og keypt gamla flik til að endurhanna

- Nemendur í Valhúsaskóla saumuðu barnafatnað fyrir börn á barnaheimili í Tógó í Afríku sem samtökin Sól í Tógó styrkja

- Nemendur í 7. bekk saumuðu íþróttapoka fyrir nemendur í vinaskóla í Malaví

- Í Mýrarhúsaskóla gera nemendur alls konar brúður úr gömlum sokkum og hönskum

- Nemendur í Mýrarhúsaskóla hafa einnig unnið litla fígúru úr afgangsfilti og búið síðan til hús og húsbúnað úr gömlum kössum og alls kyns dótí

Glæsilegt framtak hjá Ástu og nemendum hennar!

Gleðileg jól.

Margrét Pálsdóttir, formaður umhverfisnefndar.

www.borgarblod.is

Bryggjan Brugghús

Nýtt brugghús og veitingastaður á Grandagarði

Bryggjan Brugghús er eitt þeirra fyrirtækja sem staðsett hefur verið í Örfirisey nánar tiltekið á Grandagarði 8 - á jarðhæð CCP hússins. Brugghúsið opnaði 5. nóvember síðastliðinn og skiptist staðurinn í tvo hluta, annars vegar stórt barpláss og tekur um það bil 120 manns í sæti og hins vegar er bistro veitingastaður með um það bil 150 manns í sæti hinu megin í húsinu.

Matseðill hins nýja veitingastaðar er með fiskipema enda heitir þetta Bryggjan Brugghús en allir geta fundið eitthvað fyrir sig – allt frá frá hamborgurum til grænmetisréttu. „Barplássið er kjörið til þess að taka á móti stórum hópum, eins og fyrirtækjaárshátíðum eða vinahópum, en það er einnig mjög velkomið að líta einfaldlega við

og fá sér einn bjór eða tvo,“ segir Bergur Gunnarsson bruggari í spjalli við Nesfréttir.

En hvað er svo á stórum matar- og bjórseðlinum sem Bryggjan Brugghús býður upp á. „Við bjóðum bæði uppá bjór og matarpantanir og bjórsmakkanir ásamt því að gefa minni hópum skoðunarferð um brugghúsið ef áhugi er fyrir því. Við bjóðum einnig upp á þrjá bjóra frá okkur á krana eins og staðan er í dag. Einnig erum við með fjóra bjóra frá Borg, tilraunabrugghúsi Ölgerðarinnar og tveir eru yfirleitt innfluttir bjórar frá brugghúsum frá Evrópu eða Bandaríkjunum,“ segir Bergur.

Jólabjórinn þessa dagana

„Þessa dagana erum við að bjóða upp á lager, jólabjór og session



Bergur Gunnarsson við bruggtækin í Bryggjan Brugghús á Grandagarði.

IPA. Lagerinn er bara nokkuð venjulegur þýskur lager, jólabjórinn er belgískur dubbel sem er dökkur, nokkuð sætur og í kringum 6,5%. Að lokum er það session ipa sem er beiskur bjór með lága áfengisprósentu eða í kringum 4,8%. Það verða svona tveir til þrír kjarnabjórar sem verða yfirleitt í boði hjá okkur svo munum við einnig brugga árstíðartengda bjóra eins og jólabjór eða sumarbjór. Einnig munum við brugga sérbjóra sem yrðu þá hugsaðir fyrir bjóráhugafólk.“

Glerveggur á milli bruggunar og bars

Glerveggur er á milli brugghússins og barplássins svo að allt brugghúsið sést úr barsalnum þannig að þetta er fullkominn staður fyrir áhugafólk um mat og bjór. Einnig erum við með hæfan kokkteilbarþjón ásamt því að vera með stóran vinkjallara þannig að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi,“ segir Bergur.

Áramótabrennan á Valhúsaáhræð hefst kl. 20.30



www.seltjarnarnes.is

Hermann Arason
stýrir fjöldasöng.

Sjáumst í hátíðarskapi.

Seltjarnarnesbær óskar
bæjarbúum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.



SELTJARNARNESBÆR



Arnhildur rauf 500 kg. múrinn

Arnhildur Anna Árnadóttir, Gróttu sigraði á bikarmótinu í kraftlyftingum sem fram fór á Akureyri 21. nóvember sl. Arnhildur setti þrjú glæsileg Íslandsmet í sínum flokki (72 kg.) með því að lyfta 200 kg. í hnébeygju og 190,5 kg. í réttstöðulyftu.

Samanlagt lyfti hún 513 kg. sem er jafnframt Íslandsmet og hæsta samanlagða þyngd sem íslensk kona hefur tekið í kraftlyftingum. Þá lyfti hún einnig 122,5 kg. í bekpressu. Arnhildur Anna lauk þar með glæsilegum ferli sínum sem unglingur í kraftlyftingum. Nú tekur við keppni í opnum flokki þar sem hún á svo sannarlega erindi enda eru þessar þyngdir í heimsklassa. Verður gaman að fylgjast með þessari flottu kraftlyftingakonu



Arnhildur Anna Árnadóttir.

á næstu misserum bæði hér heima fyrir sem og á alþjóðlegum meistaramótum.



Daði, Hekla og Vala á KSÍ-æfingum

Í haust hafa úrtakshópar 2001-leikmanna komið saman á æfingum hjá knattspyrnusambandi Íslands. Gróttu átti þrjú flotta fulltrúa á æfingunum en Daði Már P. Jóhannesson æfði með drengjaliðinu og Hekla Kristín Birgisdóttir og Valgerður Helga Ísaksdóttir með stúlknaliðinu.

Öll voru þau lykilleikmenn í 4. flokki í sumar en Daði spilaði einnig fjölmarga leiki með 3. flokki á tímabilinu. Daði getur bæði leikið sem varnar- og miðjumaður en hann var fulltrúi Gróttu í knattspyrnskóla KSÍ á Laugarvatni í júní. Hekla og Vala, sem var fulltrúi Gróttu í knattspyrnskóla KSÍ, spila oftast sem miðjumenn en geta einnig leyst varnarhlutverk með sóma. Hekla var mjög vaxandi á síðasta tímabili og komst með góðri frammistöðu inn á úrtaksæfingar hjá KSÍ. Sannarlega frambærilegir leikmenn sem vonandi tekst halda sætum sínum í æfingahópum yngri landsliðanna.

Gróttu að standa sig vel í handboltanum

Gróttu vann sanngjarnan sigur á Fram, 28:24, í Hertz-höllinni á Seltjarnarnesi í Olís-deild karla í handknattleik á dögnum. Gróttuliðið hafði tögl og haldir nær því frá upphafi til enda og var m.a. með fjögurra mark forskot í hálfleik, 17:13.

Gróttu færðist upp í fimmta sæti deildarinnar með þessum sigri en Fram er eftir sem áður í þriðja sæti. Mjög góður varnarleikur lagði grunn að sigri Gróttuliðsins að þessu sinni. Eftir jafnar upphafsminútur skoruðu leikmenn Gróttu fjögur mörk í röð og breyttu stöðunni úr 4:4 í 8:4. Þeir héldu áfram að auka forskot sitt og voru sex mörkum yfir 14:8, þegar átta mínútur voru til hálfleiks.

Framarar náðu að minnka muninn í fjögur mörk fyrir hálfleik, 17:13. Fram-liðið byrjaði síðari hálfleik af krafti og minnkaði muninn í eitt mark, 20:19. Gróttumenn birtu frá sér á ný, ekki síst með bættum varnarleik en einnig yfirvegaðri sóknarleik sem var yfirhöfuð alltof kaflaskiptur hjá liðinu eins og stundum áður í vetur. Munurinn var orðinn fimm mörk, 24:19, 11 mínútur voru til leiks. Þennan mun tókst Fram-liðinu aldrei að brúa þrátt



Fagnað eftir sigur á FH í bikarkeppninni.

fyrir vilja. Viljinn og baráttan var Gróttumegin. Lokatölur, 28:24, fyrir Gróttu.

Markahætir í Gróttuliðinu voru: Viggó Kristjánsson með 9 mörk, Daði Laxdal Gautason og Finnur Ingi Stefánsson með 4 mörk. Lárus Helgi Ólafsson varði 11 skot.

Gróttu er komin áfram í 8-liða úrslit Coca Cola-bikars karla í handknattleik eftir sigur á FH í framlangdum leik á Seltjarnarnesi, 28:23.

Gróttustelpurnar í efsta sæti

Gróttu er í efsta sæti Olís-deildar kvenna í handbolta eftir 13 umferðir með 23 stig og einu stigi á undan ÍBV. Gróttustelpurnar verða því í baráttunni um Íslandsmeistaratiðinn sem þær unnu á síðustu leiktíð í fyrsta skipti í sögu félagsins.

Systurnar Nanna og Sóley valdar í úrvalshóp FSÍ

Fimleikasysturnar úr Gróttu Nanna og Sóley Guðmundsdætur hafa verið valdar í úrvalshóp FSÍ fyrir keppnistímabilið 2015-2016, Nanna í úrvalshóp fullorðina og Sóley í úrvalshóp unglunga.

Til hamingju stelpur og þjálfarar!



Björg með aðventu- tónleika í kirkjunni

Björg Þórhallsdóttir sópransöngkona og „Nesbúi“ stendur fyrir hugljúfum aðventutónleikum í Seltjarnarneskirkju 20. desember nk. undir yfirskriftinni „Niðamyrkrið ljómar“.

Með henni koma fram á tónleikunum margir góðir gestir, s.s. Elísabet Waage hörpuleikari, Peter Thompkins óbóbleikari, Hilmar Örn Agnarsson orgelleikari o.fl. Anna Kristín Þórhallsdóttir sópran, sem er systir Bjargar kemur einnig fram og syngur með Björgu ásamt félagum úr Kammerkór Suðurlands.

Á efnisskránni eru aðventu- og jólalög frá ýmsum löndum í fallegum útsetningum. Boðið verður upp heitt súkkulaði og smákökur í hléi.



Björg Þórhallsdóttir sópransöngkona.

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Anna Lára Davíðsdóttir en hún sigraði nýlega í söngkeppni Selsins ásamt því var hún með eitt aðalhlutverkið í 1. des skemmtun Valhúsaskóla ásamt því er hún afrekskona í íþróttum og skóla.

Fullt nafn? Anna Lára Davíðsdóttir.

Fæðingard. og ár? 30. ágúst 2000.

Starf? Nemi í Valhúsaskóla.

Farartæki? Ég fer allt gangandi eða í stræti.

Helstu kostir? Læt aðra dæma um það.

Eftirlætis matur? Kalkúnn með tilheyrandi hjá ömmu.

Eftirlætis tónlist? Ég hlusta mest á Justin Bieber þessa dagana.

Eftirlætis íþróttamaður? Systkinin mín spila bæði í meistaraflakki Gróttu og þau eru í miklu uppáhaldi hjá mér.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?

Friends og Greys Anatomy.

Besta bók sem þú hefur lesið?

Hunger Games bækurnar.

Uppáhalds leikari? Jake Gyllenhaal.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð?

Hef séð Pitch perfect þó nokkuð oft.

Hvað gerir þú í fristundum þínum?

Ég eyði mest af mínum frítíma með vinum eða uppi íþróttahúsi.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á?

Grand Canyon, Arizona.

Hvað metur þú mest í fari annarra?

Húmor.

Hvern vildir þú helst hitta?

Mikkel Hansen, hann gæti kennt mér nokkur trix í handboltanum.

Uppáhalds vefsíða? Facebook.com

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf?

Nýjan síma.



Hvað myndir þú gera ef þú ynnir

5 milljónir í happdrætti? Myndi fara í frí með fjölskyldunni, kaupa eitthvað mjög fallegt handa mömmu og pabba og leggja restina inná banka.

Hvað myndir þú gera ef þú værir

bæjarstjóri í einn dag? Ég myndi stækka íþróttahúsið, það er orðið svolítið þröngt hjá okkur. Svo myndi ég láta skólann byrja aðeins seinna, held að krakkarnir í bekknum mínum yrðu ánægðir með það.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni?

Ég stefni mest að bæta mig í handboltanum og komast eitthvað lengra í honum. Einnig vil ég komast inni góðan menntaskóla og standa mig vel þar.

Hvað gerðir þú í sumarfríinu?

Ég fór með Gróttu til Svíþjóðar að keppa í handbolta á Partille. Var þar í rúma viku og okkur gekk mjög vel. Eftir það fór ég með fjölskyldunni minni til Rómar á Ítalíu og átti góðar og rólegar stundir þar.



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:

Mánud., Þriðjud. og Miðvikud.
12:00 til 15:00.

Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30.

Föstudaga
13:00 til 19:00.

Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00.

Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00.

*Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla
og þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða*

Munið að panta tímalega fyrir jólin.

Hlynur, Sara, Anna og Edda

**Stofa fyrir alla
fjölskylduna.**

Næg bílastæði



Grandavegi 47 - ☎ 562-6162

JÓLIN
Á APOTEKINU
Níu rétta lúxus jólaveisla

FORDRYKKUR / 6 FORRÉTTIR / 2 AÐALRÉTTIR / EFTIRRÉTTUR
9.500 kr.

Boðapantanir í síma 551 0011

APOTEK
KITCHEN+BAR

apotek.is